

# Retrieverdeild HRFÍ



## Skýrsla stjórnar 2022

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 22. mars 2023  
í Síðumúla 15



## Stjórn og nefndir

### Ræktunarstjórn

Sunna Birna Helgadóttir (formaður)  
Karl Andrés Gíslason  
Guðni B. Guðnason  
Erla Heiðrún Benediktsdóttir  
Guðrún Björg Ragnarsdóttir

### Vinnu- og Veiðinefnd

Þórhallur Viðar Atlason (formaður)  
Vilhjálmur Kári Heiðdal  
Ævar Valgeirsson  
Víðir Lárusson  
Heiðar Sveinsson  
Jens Magnús Jakobsson  
Guðrún Björg Ragnarsdóttir  
Vilhelm Jónsson  
Anna St. Einarsdóttir  
Gísli Már Árnason

### Sýninganeftnd

Óli Þór Árnason (formaður)  
Sólrún Dröfn Helgadóttir  
Sunna Birna Helgadóttir  
Unnur Olga Ingvarsdóttir  
Thelma Dögg Freysdóttir  
Eva Björg Bragadóttir  
Svava Guðjónsdóttir  
Alda Gyða Úlfarsdóttir

### Skemmti- og göngunefnd

Íris Erlingsdóttir

### Básanefnd

Óli Þór Árnason

### Vefsíðunefnd

Olgeir Gestsson (formaður)  
Sólrún Dröfn Helgadóttir  
Karl Andrés Gíslason  
Andrés Ævar Grétarsson

### Heilbrigðisnefnd

Sesselja Sigurðardóttir (formaður)  
Erla Heiðrún Benediktsdóttir  
Sigrun Guðlaugardóttir

### Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í mars 2023 voru skráðir 3854 (+291 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 41 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+0)
- 53 Flat-coated Retriever (+7)
- 547 Golden Retriever (+60)
- 3213 Labrador Retriever (+224)

Allir retriever eigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

## Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 10 veiðipróf og voru alls 116 skráningar. Eitt veiðipróf var fellt niður þar sem ekki náðist lágmark þáttakenda, önnur próf voru vel sótt. Deildarmeðlimir fyrir norðan stóðu að veiðiprófum í Eyjafirði. Dræm skráning var á Meistarakeppni félagsins og var því ákveðið að fella hana niður.

Deildin stóð fyrir tveimur sýningum þar sem 266 hundar voru skráðir til leiks. Meistarásýningin í maí og deildarsýning í september, þær heppnuðust báðar vonum framar. Sýningarþjálfanir voru á sínum stað fyrir sýningar og voru 19 talsins á síðasta ári. Deildin stóð einnig fyrir sýnendanámskeiði fyrir byrjendur með Sigrúnu Guðlaugardóttur.

## Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust nokkrar beiðnir um aðstoð við að uppfylla heilsufarskröfur og mögulega rakka til undaneldis og var þeim öllum svarað. Margir eru farnir að hafa áhuga á að prófa fyrir fleiri DNA sjúkdómum en fyrr og hafa áhuga á að fá leiðbeiningar um hvaða próf sé best að taka. Á rakkalista eru flestir þeir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar. Eftir að hundavefur.is var tekinn í notkun þurfa rakkaeigendur að sjá um það sjálfir að senda inn augnvottorð til deildarinnar og hefur það ekki alveg komist til skila til meðlima.


## Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2022 voru 266 Labrador hvolpar úr 39 gotum, sem er 13 gotum og 49 hvolpum færri en 2021.

60 Golden hvolpar úr 8 gotum, sem er fækkun um 5 hvolpa og 1 got síðan 2021.

1 got var hjá Flat-coated með 8 hvolpum en það var fjölgun um 1 got og 8 hvolpa frá 2021.

Engir Toller hvolpar bættust við á árinu 2022.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi

## Innflutningur

Fluttir voru inn 5 Labrador Retriever, 5 Golden Retriever og 1 Flat Coated Retriever árið 2022.

## Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði 11 veiðipróf. Eitt veiðipróf sem og Meistarakeppnin var feld niður vegna ónógrar þáttöku. Veiðinefnd stóð fyrir vel sóttum hittingum í Sólheimakoti fyrir veiðipróf þar sem félagsmönnum gafst tækifæri á að fá kynningu á veiðiprófum ásamt því að mæta á opna æfingu. Nefndin lagði til starfsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2023.

## Mjaðma- og olnbogamyndir

Tvær tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu. Niðurstöður má sjá í töflu en þessar niðurstöður þarf að taka með þeim fyrirvara að það er ábyrgð eigenda myndaðra hunda að skila niðurstöðum inn til skrifstofu HRFÍ sem síðan skilar niðurstöðunum inn til deildarinnar.

Mjaðma- og olnbogamyndir 2022											
	Niðurstöður mjaðmamynnda (HD)					Niðurstöður olnbogamynda (ED)					
	Frið	C	D	E	Samtals	Frið	C	D	E	Samtals	
Labrador	31	8	0	0	39	36	2	0	0	38	
Golden	9	0	0	0	9	8	3	0	0	11	
Toller	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Flat-coated	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	

Tafla 1. Niðurstöður myndatakna 2022

## Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu, niðurstöður má sjá á töflu 2 en þær, eins og niðurstöður úr mjaðma-og olnbogamyndunum þarf að taka með fyrirvara þar sem deildarmeðlimir bera sjálfir ábyrgð á að skila niðurstöðunum inn til HRFÍ og deildarinnar svo þær fara inn í tölfraði ársins.

Augnskoðanir 2022								
	Frið	Frið m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophi	Samtals
Labrador	23	0	2	0	0	1	0	26
Golden	7	0	0	0	3	1	0	11
Flat Coated	0	0	0	0	0	0	0	0
Nova Scotia Duck Toller	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	30	0	2	0	3	2	0	37

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2022

## Heilbrigðisnefnd

Vísindanefnd deildarinnar var stofnuð á síðasta ársfundi deildarinnar. Nafni nefndarinnar var breytt á fyrsta formlega fundi hennar til aðgreiningar frá vísindanefnd HRFÍ og heitir nú heilbrigðisnefnd. Í upphafi voru Sesselja Guðrún Sigurðardóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir í nefndinni en seinna bættist Sigrún Guðlaugardóttir í hópinn.

Þann 12. nóvember eftir umsögn frá vísindanefnd HRFÍ auglýsti nefndin eftir niðurstöðum DNA prófa á heimasíðu Retrieverdeilda. Þeir labrador eigendur sem hafa látið eða ætla að láta prófa hunda sína fyrir EIC voru þar beðnir um að senda niðurstöður DNA prófa á netfang nefndarinnar, retrieverheilbrigdi@gmail.com. Í byrjun árs 2023 fékk nefndin upplýsingar um þá hunda sem tiltækari voru hjá HRFÍ og Retrieverdeilda og í framhaldinu fengið sendar uppfærðar upplýsingar mánaðarlega frá Retrieverdeilda. Einstaklingar hafa sent nefndinni niðurstöður fyrir 62 hunda og upplýsingar um 129 hunda til viðbótar hafa fengist hjá HRFÍ og Retrieverdeilda (samtals 191 hundur). Þátttaka ræktenda er dræm og hefur jafnvel borið á því hjá þeim sem eiga fleiri hunda að einungis séu sendar niðurstöður fyrir þá hunda sem ekki bera stökkbreytinguna.

Þann 17. febrúar sendi nefndin tölvupóst á ræktendur og minnti á könnunina og hvatti þá til að senda inn niðurstöður. Það bar engan árangur.

Það er mat nefndarinnar að sú aðferð að safna gögnum til þriggja ára eins og lagt var upp með komi ekki til með að gefa rétta mynd af stöðunni þar sem þátttaka er dræm og ræktendur virðast ekki sjá hag sinn í því að veita fyrirliggjandi upplýsingar.

Nefndin mun því funda fljótlega til að koma með aðrar leiðir til að fá meiri og betri gögn svo hægt sé að rýna betur í stöðuna, einnig mun nefndin koma með upplýsingar um fleiri sjúkdóma þegar líður á. Nefndin vill nota tækifærið og þakka HRFÍ og Retrieverdeildinni fyrir aðstoðina og þeim einstaklingum sem nú þegar hafa sent inn niðurstöður.

### Sýningarnefnd


Sýninganefnd var mjög öflug á árinu 2022 og stóð fyrir og skipulagði 2 deildarsýningar. 2 erlendir dómarar komu í hvort skipti og voru þeir allir sérstaklega ánægðir með alla umgjörð og gæði hundana. Sýninganefnd stóð fyrir sýningabjálfunum fyrir báðar deildarsýningarnar og allar HRFÍ sýningar ársins sem voru flestar mjög vel sóttar. Í byrjun árs var veðrið ad einhverri ástæðu alltaf leiðinlegt á sunnudögum og var þess vegna fámennt á þær þjálfanir en annars alltaf fullt hús eða tún.

### Sýningar

6 sýningar voru haldnar á vegum HRFÍ voru skráningarnar 812. Tvær deildarsýningar voru haldnar í reiðhöll Mána í Keflavík þar sem um 130 hundar voru skráðir í hvort sinn. Petmark gaf vegleg verðlaun á deildarsýningunum og deildin sjálf gaf rósettur. Deildin gaf rósettur á nokkrum sýningum félagsins, BOS á þeim flestum en einnig fyrir besta hvop, besta ungliða og besta öldung á síðustu sýningu ársins. Mikil gróska er í sýningarlífi deildarinnar og á síðustu sýningarpjálfun hjá deildinni var mikill fjöldi sem mætti og góður andi er í hópnum.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN) *	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN) *	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN) *	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN) *	55	43	100	82	154	12	42	34	522
2019 (7 SÝN) *	44	53	122	43	214	7	38	29	550
2020 (1 SÝN)	10	23	21	12	27	0	12	7	112
2021 (4 SÝN) *	53	51	95	55	112	19	23	25	433
2022 (7 SÝN) **	64	105	197	112	241	7	47	39	812

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2022, skipt eftir flokkum. \* = deildarsýning.



Mynd 2. Þátttaka retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá 1995 – 2022.

### Veiðipróf

10 veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 116 luku prófi. Tveir erlendir dómarar komu og dæmdu fyrir okkur árið 2022, Thrine-Lise Tryterud frá Noregi dæmdi tvö próf við Tjarnhóla og Susanne Andersen frá Danmörku dæmdi próf við Murneyrar og í Þrándarholti. Petmark ehf. styrkti komu eins dómara til landsins og verðlaun á veiðiprófum ársins. Final Approach gaf verðlaun á sex veiðiprófum. Íslensku dómarmarnir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni, Kjartani I. Lorangi, Hávari Sigurjónssyni og Jens Magnúsi Jakobssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna. Þórhallur Atason lauk dómaranámi og óskar stjórn honum til hamingju með dómamaréttindin.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 237 próf verið haldin og alls 2.708 þáttökur (1.070 í BFL, 660 í OFL og 868 í ÚFL). 9 stjórnendur og 16 Labrador hundar þreyttu sitt fyrsta próf á árinu. Alls hafa 309 labrador retriever hundar tekið þátt, 7 golden retriever, 2 chesapeake bay retriever og 6 flat-coated. Átta íslenskir dómamar hafa dæmt alls 160 próf og 1.646 hunda frá upphafi en 30 erlendir dómamar hafa dæmt 77 próf og 977 hunda.

### Meistarar

#### 5 Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu 2022

ISFTCh BFLW-19 Brekkubyggðar Þula, eigandi: Þorsteinn Hafþórsson

RW-22 C.I.E. ISCh PLCh BGCh GrBGCh MKCh PLJCh LTJCh RUSJCh Lab'spb Trendsetter, eigandi: Edyta Zmudzinska

C.I.E. ISCh ISJCh OB-1 Hrísnar Skuggi II, eigandi: Óli Þór Árnason

ISJCh Stjörnusteins Gæfa, eigandi: Þórdís Skúladóttir

C.I.E. RW-19 ISShCh ISVetCh Ciboria's Oliver, eigandi: Rósa Kristín Jensdóttir

#### 3 Golden hlutu meistaranafnbót á árinu 2022

ISShCh Majik Young At Heart, eigandi: Sunna Birna Helgadóttir

ISJCh Dancewood Shea Coulee, eigendur: Stefán T. Þórarinsson og Kristbjörg M. Bjarnadóttir

## Stigahæstu hundar 2022

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veiðiprófum ársins 2022 og voru stigahæstu hundar:

1. ISFTCH Kola 69 stig
2. ISFTCH OFLW-19 FTW-20 Heiðarbóls Dimma 42 stig
3. Kolkuós Úrsúla 27 stig

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á sýningum ársins 2022 og voru stigahæstu hundar:

### Labrador

C.I.E C.I.B ISCh ISJCh OB-I Hrísnæs Skuggi II

Ungliði – Vetrarstorms Ýmir

Öldungur – ISShCh ISVetCh All Hail The King Peter's Gang

### Golden

NordicCh ISW- 22 ISShCh RW-22 Zampanzar Apple Blossom

Öldungur – ISVetChWonder Gold Atlas

Ungliði – ISJCh Dancewood Shea Coulee

### Flat Coated Retriever

ISShCh RW-22 Úlfadís

Öldungur – C.I.E. RW-15-17-18 ISShCh OB-I Bez-Ami's Always My Charming Tosca

Ungliði – Almanza Attitude Overload

### Nova Scotia Duck Tolling Retriever

ISShCh ISJCh RW-19-22 Heimsenda Öngull

Öldungur – ISCh NLW-15 RW-15-16-19-21 USCh Avatar's Best Kept Secret of Pikkinnokka

## Deildarsýning 2022

Á árinu 2022 voru haldnar 2 deildarsýningar. Sú fyrri var þann 7. maí og hin seinni 11. september og voru um 130 skráningar á hvora. Báðar fóru fram í reiðhöll Mána í Keflavík. Lene Grönholm sá um að matreiða frábæra súpu og ýmislegt fleira sem var til sölu í matsalnum á meðan sýningin fór fram. Góð reynsla er komin að því að hafa tvo dómarar og auðvitað ekki annað hægt með allan þann fjölda af retriever hundum sem skrá á sýningar. Það vakti lukku hjá sýnendum að hafa dómarar frá Skotlandi og Írlandi og væri það skemmtileg stefna að halda því áfram þar sem flestir dómarar á HRFÍ sýningum koma frá Norðurlöndunum.

Þau Liam Moran frá Írlandi og Margaret Brown frá Skotlandi komu og dæmdu á maí sýningunni. Þau voru mjög ánægð með gæði hundana og fannst gaman hve vel var mætt.

Það sama má segja um dómarana sem dæmdu á seinni deildarsýningu ársins sem voru þeir Jim Richardsson frá Skotlandi og Jan-Erik Ek frá Svíþjóð. Þeir voru báðir ánægðir með gæði hundana og sýninguna sjálfa í heild.

Hólabergsbikarinn var veittur í síðasta skiptið og var það tíkin Hetju Ró sem gerði gott móti og var efst eftir veiðipróf og sýningu.

Petmark lánaði búnað og gaf vegleg verðlaun á báðar sýningarnar og erum við afar þakklát fyrir það. Einnig var Petmark með ljósmyndara á staðnum sem var frábært því það er allir hafa gaman af því að skoða myndir eftir sýningar.

## Heimasíða

Heimasíðan deildarinnar er sem fyrr mikilvæg í starfinu og ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á að skoða árangur og framgang tegunda innan retriever grúppunnar. Olgeir Gestsson ber hita og þunga af henni sem fyrr og hefur nú gert í 25 ár. Með honum er einnig vefsíðunefnd sem sér meðal annars um að koma inn úrslitum sýninga.

EKKI má gleyma facebook síðunni okkar en hún er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir fórnfust starf og útsjónarsemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

## Dagskrá 2023

Dagskrá 2023 og fjárhagsáætlun fyrir veiðipróf og vinnupróf var samþykkt af stjórn HRFÍ og var dagskráin birt í febrúar á heimasíðu og facebook síðu deildarinnar.

Dagskrá fyrir 2023 er með hefðbundnu sniði. Þrjár helgar með tveimur prófum og tvær helgar sem verða dæmdar af erlendum dómurum. Meistarakeppni verður haldin 2023 með svipuðum hætti og fyrir. Deildarsýning er á dagskrá þann 14. maí. Sýningabjálfanir verða á sínum stað og verða alltaf 2-3 fyrir hverja sýningu.

Í mörg ár hefur verið á dagskrá að fá erlendan sýningabjálfara og nú er það líklega að það muni hafast loksins í haust.

## Dagskrá 2023

### Vinnupróf WT

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómarar	Prófstjóri
222301	Lau.11.03.2023	(15.02.2023, kl. 07.00)	Hólmsheiði	Pórhallur Atlasson og Jens Magnús Jakobsson	Heiðar Steinsson

### Veiðipróf

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómar	Fulltrúi HRFI	Prófstjóri
202301	Lau.01.04.2023	(08.03.2023, kl. 07.00)	Tjarnhólar	Kjartan I. Lorange	Sigurður Magnússon	Pórhallur Atlasson
202302	Lau.22.04.2023	(29.03.2023, kl. 07.00)	Seltjörn	Margrét Pétursdóttir	Kjartan I. Lorange	Heiðar Steinsson
202303	Lau.13.05.2023	(19.04.2023, kl. 07.00)	Skeiðháholt	Pórhallur Atlasson	Sigurmon M. Hreinsson	Ævar Valgeirsson
202304	Lau. 03.06.2023	(10.05.2023, kl. 07.00)	Hringatjarnir, við Villingavatn	Bjarne Holm	Sigurður Magnússon	Viðir Lári og Guðmundur Ragn
202305	Sun.04.06.2023	(10.05.2023, kl. 07.00)	Tjarnhólar	Bjarne Holm	Margrét Pétursdóttir	Viðir Lári og Guðmundur Ragn
202306	Lau. 24.06.2023	(01.06.2023, kl. 07.00)	Berjaklöpp Eyjafjörður	Halldór Björnsson	Pórhallur Atlasson	Fanney og Sigurður
202307	Sun.25.06.2023	(01.06.2023, kl. 07.00)	Berjaklöpp Eyjafjörður	Pórhallur Atlasson	Halldór Björnsson	Fanney og Sigurður
202308	Lau.08.07.2023	(14.06.2023, kl. 07.00)	Sílatjörn	Sigurður Magnússon	Halldór Björnsson	Gunnar Órn Arnarson
202309	Lau. 19.08.2023	(26.07.2023, kl. 07.00)	Murneyrar	Morten Egberg	Kjartan I. Lorange	Guðrún og Svava
202310	Sun. 20.08.2023	(26.07.2023, kl. 07.00)	Þrándarholt	Morten Egberg	Halldór Björnsson	Guðrún og Svava
202311	Lau. 02.09.2023	(09.08.2023, kl. 07.00)	Draugatjörn	Kjartan I. Lorange	Sigurmon M. Hreinsson	Giðli Már Árnason
202312	Lau. 16.09.2023	(23.08.2023, kl. 07.00)	Villingavatn	Sigurmon M. Hreinsson	Margrét Pétursdóttir	Amar Tryggvason
802303	Lau.14.10.2021	(22.09.2021, kl. 07.00)	Meistarakeppni	Jens Magnús og Pórhallur		Heiðar Steinsson

## Lokaorð

Árið 2022 var mjög fint ár í alla staði og nóg í boði af sýningum og veiðiprófum. Mikill metnaður var hjá nefndum og mjög góð mæting var á viðburði deildarinnar. Retrieverhundar voru duglegir að mæta í hlýðinipróf á árinu og stóðu sig mjög vel eins og venjulega. Göngunefndin var virk í ár og má þakka Írisi Erlingsdóttur fyrir það. Göngurnar voru nokkrar talsins en reyndar fámennar en góðmennar. Vonandi verður göngunefndin áfram virk og að við sjáum fleiri mæta í göngur ársins 2023.

Retriever hundum fjölgar jafnt og þétt og er deildin sú langstærsta innan HRFÍ með yfir 600 meðlimi. Nú þegar við fórum hratt stækkandi má kannski fara að hugsa til þess að deildin haldist áfram sem ein heild. Deild jafn stór og okkar sem skiptist í 4 tegundur og vinnu/veiði og sýningar þarf hugsanlega að fara að hafa í huga í huga meira saman og finna sameiginlegan vettvang til að koma saman. Einnig þarf margt fólk til þess að koma að viðburðum eins og deildarsýningum og veiðiprófum og vill þetta oft leggjast á hendur fárra. Öll störf á vegum deildarinnar eru unnin í sjálfboðavinnu og allt sem er gert er til þess að hafa gaman af og auka samveru með hundunum okkar. Að starfa innan deildarinnar er skemmtilegt og gefandi og fylgir því einnig skemmtilegur félagsskapur af fólk með sama áhugamál. Störfin eru mörg og það er klárlega pláss fyrir alla áhugasama í nefndum deildarinnar. Við hvetjum alla félagsmenn til að gefa kost á sér í nefndir til þess að við getum látið starfsemina blómstra áfram.

Styrktaraðilar starfsins 2022 voru Petmark ásamt Hyundai, Bendi, Final Approach og Veiðihúsinu Sökku. Veiðihúsið Sakka ásamt Final Approach hefur nú dregið sig úr hópnum í bili. Þess má samt geta að Dýrabær kemur inn sem styrktaraðili árið 2023 og hefur mikinn metnað til þess að gera vel við okkur. Það er ómetanlegt til að geta haldið úti okkar starfi að hafa styrktaraðila á bak við svona deild og erum við afar þakklát fyrir þeirra framlag. Þess má geta að samningurinn við Petmark er laus á næsta ári og verður það verkefni nýrrar stjórnar að semja vel fyrir deildina.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490) Bankareikningur (0322-26-010809)

**Rekstrarreikningur 2022**

	2022	2021
Áramótastaða	2.447.120 kr	2.100.675 kr
<b>Tekjur</b>		
Veiðipróf	527.493 kr	621.307 kr
Meistarásýning	462.120 kr	304.976 kr
Deildarsýning	380.200 kr	
Sýningarþjálfun	304.000 kr	84.500 kr
Meistarakeppni		129.700 kr
Meistarakeppni (2020)		9.600 kr
Sýninganámskeið		39.000 kr
Styrkur (2020)		100.000 kr
Styrkur	410.000 kr	410.000 kr
Meistarásýning - Sjoppa	62.229 kr	
Deildarsýning - Sjoppa	30.300 kr	
Seldar Retriever húfur	12.000 kr	
Samtals	2.188.342 kr	1.679.883 kr
<b>Kostnaður</b>		
Veiðipróf	- 541.456 kr	- 505.462 kr
Meistarásýning	- 592.636 kr	- 460.311 kr
Deildarsýning	- 462.917 kr	
Sýningarþjálfun	- 172.000 kr	- 40.049 kr
Meistarakeppni		- 128.076 kr
Sýningarnámskeið		- 15.053 kr
Fræðslukvöld		- 61.300 kr
Heiðrun		- 6.950 kr
Vefsíða	- 117.489 kr	- 116.967 kr
Retriever húfur	- 174.220 kr	
Fuglar	- 100.000 kr	
Styrkur til dómaranáms	- 53.965 kr	
Rósettur fyrir HRFÍ sýningu	- 24.000 kr	
Samtals	- 2.238.683 kr	- 1.334.168 kr
Vextir	1.556 kr	730 kr
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>- 48.785 kr</b>	<b>346.445 kr</b>

Skráningar 2022 á veiðipróf voru 116 og 266 á deildarsýningar.

Félagið var skuldraust og með engar útistandandi kröfur við lok árs þann 31.12.2022.

Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 48.785kr

Hrein eign Retrieverdeilda HRFÍ þann 31. desember 2022 var kr. 2.398.335 á bankabók (0322-26-01809)

Reykjavík 22. mars 2023

Sunna Birna Helgadóttir  
Sunna Birna Helgadóttir  
Formaður Retrieverdeilda HRFÍ

Karl Gíslason

Karl Andrés Gíslason  
Gjaldkeri Retrieverdeilda HRFÍ

Heiðar Sveinsson

Heiðar Sveinsson  
Skoðunarmaður reikninga

